



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um stöðu leikskólamála

Á fundi borgarráðs, 11. janúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Nýlega fengu borgarfulltrúar skeyti frá foreldri sem ekki fær pláss fyrir barn sitt á leikskóla eins og búið var að lofa. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um hvernig gengur að leysa úr þessum vanda leikskólanna og hvenær mega tugir foreldra eiga von á að fá pláss fyrir börn sín? Ýmist á eftir að ljúka framkvæmdum eða leysa mönnunavanda. Eins og fram kemur í skeytinu þá eru foreldrar að bugast. Það tekur á að hafa ekki dagvistunarpláss, en það er erfiðara að vita ekki hvenær úr rætist. Ekkert er gert fyrir foreldra sem eru úti í kuldanum.

Greinargerð fylgdi.

Svar:

Unnið hefur verið þétt með leikskólastjórum sem í mestum vanda eru með að manna stöður í leikskólum t.d. með því að aðstoða við auglýsingagerð og öflun umsækjenda. Einnig hefur leikskólum verið boðið upp á þátttöku í vinnustofum sem fela t.d. í sér ráðgjöf í tengslum við fagstarf, veikindafjarvistir, móttöku nýliða, samskipti og samstarf, stjórnun, heilsueflandi vinnustað, fundi og skipulag og hefur ánægja verið með þessar vinnustofur.

Framkvæmdir á leikskólahúsnæði hafa einnig haft áhrif á fjölda þeirra barna sem komust inn síðastliðið haust. Nú eru um 360 pláss sem eru ónýtanleg vegna framkvæmda og áætlað er að flestum þeim framkvæmdum ljúki ekki fyrr en á árinu 2025.

Í gegnum Brúum bilið verkefnið hefur verið unnið að því að fjölga leikskólaplássum á liðnum árum og hefur plássum verið fjölgað um 1100. Áfram er unnið að fjölgun plássna og eru fjölmörg verkefni á teikniborði stýrihópsins, bæði nýir leikskólar og stækkanir eldri leikskóla.

Tilraunaverkefnið „Fyrr í frístundaheimili“ fer af stað í 6 grunnskólum og frístundaheimilum og í 17 leikskólum. Þá mun elstu börnunum af leikskólunum standa til boða að fara í frístundaheimili í júní. Þá ætti að gefast færi á að hefja aðlögun fyrr í þeim leikskólum.